

Stj.tið. B, nr. 228/1973.

Sérprentun nr. 167.

Reglugerð

um sjóðstofnun skv. 47. gr. höfundalaga
nr. 73 frá 29. maí 1972.

1. gr.

Þóknun fyrir afnot markaðshljóðrita skv. 1. mgr. 47. gr. höfundalaga nr. 73 frá 29. maí 1972 skal að frádregnum kostnaði renna í sérstakan sjóð, sem starfi í tveim deildum, annarri fyrir listflytjendur og hinn fyrir framleiðendur hljóðrita.

2. gr.

Um stjórn sjóðsins, vörzlu og úthlutanir úr deildum hans fer eftir því, sem mælt verður fyrir um það efni í samþykktum sameiginlegra félagssamtaka flytjenda og hljóðritaframleiðenda, enda hafi þær samþykktir hlotið staðfestingu menntamálaráðherra.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 21. júlí 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.